

# Skólanámskrá

Tónlistarskóla Sveitarfélagsins Voga



Júní 2024

Skólanámskrá Tónlistarskóla Sveitarfélagsins Voga 2024  
Skólanámskráin er gefin út á rafrænu formi (pdf) og birt á heimasíðu Stóru-Vogaskóla.

Ábyrgð: Skólastjóri Stóru-Vogaskóla og Tónlistarskóla Sveitarfélagsins Voga.

Útgefandi: Stóru-Vogaskóli  
Tjarnargötu 2  
190 Vogum

netfang: [skoli@vogar.is](mailto:skoli@vogar.is)  
veffang: <http://www.storuvogaskoli.is>

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Formáli.....	4
Tónlistarskóli Sveitarfélagsins Voga .....	5
Hlutverk tónlistarskóla .....	5
Til foreldra/forráðamanna nemenda í tónlistarskólanum .....	5
Innritun/forgangsröð.....	6
Skólagjöld/fjölskylduafsláttur .....	6
Kennsla .....	6
Heimanám .....	6
Kennslubækur.....	7
Hljóðfæri/leiga.....	7
Próf .....	7
Samvinna við skólastig.....	7
Samstarf við foreldra .....	8
Tónleikar.....	8
Kennslugreinar.....	8
Píanónám.....	8
Rytmískt nám.....	8
Skólareglur.....	8
Hagnýtar upplýsingar.....	9
Starfstími/skólaárið .....	9
Rekstur/skólaráð .....	9

## Formáli

Í skólanámskránni er leitast við að gefa heildarmynd af starfsemi skólans, þar á meðal skipulagi, námi, kennslu og uppbyggingu skólastarfsins. Einnig er í henni að finna stutt ágríp af sögu skólans.

Tónlistarskólinn gegnir lykilhlutverki við miðlun tónlistarþekkingar og þróun tónlistarlífs í bæjarfélaginu. Skólinn reynir að þjóna breiðum hópi tónlistaráhugafólks á ýmsum aldri, jafnt þeim sem stunda námið sér til ánægju og þeim sem hyggjast leggja tónlistina fyrir sig. Mikilvægt er að tónlistarnám vekji ánægju og örvi nemendur til að iðka tónlist og njóta hennar.

Að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám í heimabyggð er mikill ávinningur fyrir samfélagið í öllu menningarlegu samhengi. Tónlistarnám eykur víðsýni og þroska nemenda, ræktar listræna hæfileika þeirra og eflir sköpunargáfu. Tónlistariðkun eykur einnig félagsþroska. Með því að bjóða upp á tónlistarnám í heimabyggð er reynt að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms.

Þess er vænst að skólanámskrá Tónlistarskóla Sveitarfélagsins Voga komi nemendum, foreldrum og forráðamönnum barna í skólanum að góðu gagni.

Vogum, júní 2024

Hilmar Egill Sveinbjörnsson  
skólastjóri

## Tónlistarskóli Sveitarfélagsins Voga

Tónlistarskóli Sveitarfélagsins Voga tók til starfa í ágúst 2010. Skólinn er sjálfstæð eining innan Stóru-Vogaskóla. Sem stendur hefur öll kennsla farið fram í einni stofu skólans. Sífelld er leitast við að auka við starfsemi tónlistarskólans.

Starfsemi tónlistarskólans helst í hendur við starfsemi Stóru-Vogaskóla, sjá skóladagatal tónlistarskólans á heimasíðu skólans.

## Hlutverk tónlistarskóla

Hlutverk tónlistarskóla er að:

- stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar, m.a. með því að þjálfa tóneyra þeirra og einbeitingu, veita þeim fræðslu og auka færni á svið hljóðfæraleiks, söngs og tónfræðagreina.
- búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur, m.a. með því að veita undirstöðuþekkingu, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð nemenda, jafnframt því að örva þá til að leika tónlist og syngja, bæði eina og með öðrum.
- búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi, m.a. með því að veita þeim góða tæknilega tilsögn í hljóðfæraleik og söng, markvissa þjálfun í tónfræðigreinum og tækifæri til að koma fram.
- stuðla að auknu tónlistarlífi, m.a. með því að hvetja til virkni nemenda og kennara í almennu tónlistarlífi, með samvinnu við aðra mennta- og menningarstofnanir og samstarfi við listamenn.

*(Úr aðalnámskrá tónlistarskólanna, almennum hluta)*

## Til foreldra/forráðamanna nemenda í tónlistarskólanum

Mikilvægt er að nemendur búi við jákvætt viðhorf til tónlistarnámsins, að foreldrar/forráðamenn sýni náminu áhuga og þeir fylgist með framvindu þess.

Hljóðfæranám byggist að miklu leyti á daglegri og reglubundinni þjálfun og gerir skólinn kröfu til reglulegra heimaæfinga nemenda. Án markvissrar æfinga veður árangur rýr.

Nauðsynlegt er að nemendur geti æft sig þar sem þeir verða fyrir sem minnstri truflun og hafa ekki á tilfinningunni að þeir trufli aðra.

Ungum nemendum þarf að hjálpa við að skipuleggja æfingatímann.

Árangursríkara er að ungir nemendur æfi sig oft og skemur í senn en sjaldnar og lengur.

Tónlistarnám þarf að vera ánægjulegt og ánægjan felst ekki síst í stolti nemandans fyrir eigin framförum og aukinni færni.

Eðlilegt er að áhugi nemenda sé ekki alltaf samur og jafn. Ef nemandi sýnir merki um uppgjöf er mikilvægt að kennari og foreldrar/forráðamenn leiti orsaka og lausna. Stundum er nóg að skipta um viðfangsefni til að áhuginn glæðist á ný.

Hlustun er afar mikilvægur þáttur í öllu tónlistarnámi. Með því að hlusta á vel flutta tónlist fá nemendur nauðsynlegar fyrirmyndir. Foreldrar/forráðamenn geta lagt sitt af mörkum með því að hvetja nemendur til að hlusta á fjölbreytta tónlist við margs konar aðstæður og með því að fara með þeim á tónleika þegar tækifæri gefast, bæði innan tónlistarskólans og utan.

*(Úr aðalnámskrá tónlistarskólanna, almennum hluta)*

## Innritun/forgangsröð

Umsóknarfrestur fyrir næsta skólaár (nýskráningar og áframhaldandi nám) er til og með 15. ágúst. Sækja skal um í gegnum íbúagátt í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins. Innritað er fyrir allt skólaárið.

Athugið að allir þurfa að sækja um, bæði nýir og eldri nemendur og einnig þeir sem eru á biðlista.

Ef nemendur hætta á miðri önn þarf staðfestingu í gegnum íbúagátt frá foreldrum/forráðamönnum.

Nýskráðir nemendur fara á biðlista ef ekki eru laus pláss. Skólastjóri/tónlistarkennari staðfestir skólavist í tónlistarskólann.

## Skólagjöld/fjölskylduafsláttur

Skólagjöld eru innheimt þegar námsvist hefur verið staðfest og fer eftir gjaldskrá Sveitarfélagsins Voga. Innheimt er í tvennu lagi fyrir haustönn og vorönn.

Skólagjöld fást ekki endurgreidd. Endurgreiðsla skólagjalda er aðeins heimil ef um langtímaveikindi nemenda er að ræða eða ef nemandi flytur úr bæjarfélaginu.

Fjölskylduafsláttur miðast við að nemendur komi frá sama heimili. Sjá má afslátt í gjaldskrá Sveitarfélagsins Voga á heimasíðu sveitarfélagsins á vogar.is.

## Kennsla

Hljóðfæra- og söngnám fer fram í einkatímum og byggist á náinni samvinnu kennara og nemanda. Fullt nám er 2 x 30 mínútur á viku eða 1 x 60 mínútur í viku hverri (aðeins fyrir lengra komna nemendur). Í upphafi náms er lögð áhersla á undirstöðuatriði í hljóðfæraleik/söng og tónfræðigreinum. Eftir því sem nemandinn nær betri tökum á hljóðfærinu tekst hann á við og kynnist verkum frá hinum ýmsu skeiðum tónbókmentanna.

Annar mikilvægur þáttur námsins er að virkja sköpunarþörf og ímyndunarafl hvers einstaklings svo þeir fái betur notið sín.

## Heimanám

Til þess að ná góðum árangri er nauðsynlegt að nemendur á fyrstu stigum æfi sig heima. Þó tímalengd æfinga sé mismunandi eftir aldri og hve langt nemandinn er kominn í námi, er mjög mikilvægt að leggja áherslu á

reglulegar, daglegar æfingar alveg frá upphafi. Yngstu nemendurnir (6 ára) spila lágmark 5-10 mínútur á dag, svo lengist æfingartíminn eftir því sem lengra líður í námi. Foreldrar/forráðamenn geta orðið að miklu liði með því að hjálpa nemendum að skipuleggja æfingartímann sinn, útbúa rétt andrúmsloft og umhverfi til æfinga, mikilvægast er þó að sýna áhuga á því sem börnin eru að gera. Lykilatriði í tónlistariðkun er að „æfingin skapar meistarann“.

Fyrir heimanám notast kennarar við samskiptaforrit, stílabækur o.fl. til að leggja áherslu hvað á að æfa heima, hvernig skal æfa og ýmislegt sem nemandi þarf að muna. Einnig stundum skilaboð til foreldra.

Varðandi píanónemendur er nauðsynlegt að píanó sé til á heimili nemandans. Hljómborð kemur ekki að sama gagni, en er þó ásættanlegt (í samráði við kennara) í u.þ.b. hálfan vetur. Nauðsynlegt er að píanóið á heimilinu sé þannig staðsett að nemandinn hafi aðgang að því þegar honum hentar (að píanóið sé t.d. ekki í samkeppni við sjónvarpið).

## Kennslubækur

Kennslubækur vegna einkanáms á hljóðfæri/söng þurfa nemendur að kaupa sjálfir samkvæmt ráðleggingum kennara.

## Hljóðfæri/leiga

Skólinn á nokkurt safn af hljóðfærum sem nemendur geta fengið leigð. Mikilvægt er að nemendur fari vel með hljóðfærin og láti þau alltaf í tösku þegar æfingum er lokið. Þegar ljóst þykir að nemandinn haldi áfram í námi er gert ráð fyrir að hann eignist sitt eigið hljóðfæri. Oftast virkar það hvetjandi á nemandann og tekur hann námið alvarlegar. Ef kaupa á nýtt hljóðfæri er ráðlegt að gera það í samráði við viðkomandi hljóðfærakennara.

Samningur er gerður vegna hljóðfæraleigu milli foreldra/forráðamanna og skólans. Þeir sem leigja hljóðfæri bera ábyrgð á þeim og þurfa að bera kostnað af viðgerð ef hljóðfærið skemmist vegna óhapps. Leigutakinn þarf sjálfur að sjá um kostnað við viðhald hljóðfærisins, t.d. gítarstrengi og fleira. Ætlast er til að hljóðfærunum sé skilað í sama ásigkomulagi og við upphaf leigutímans. Skólinn kostar hins vegar eðlilegt viðhald hljóðfærisins.

## Próf

Allir nemendur taka próf á hverju skólaári, þeir nemendur sem ekki þreyta stigspróf eða áfangapróf taka vorpróf. Kennari metur hvort og hvenær nemandi er tilbúinn að þreyta áfangapróf eða stigspróf.

## Samvinna við skólastig

Kennarar tónlistarskólans eru í góðu samstarfi við kennara og annað starfsfólk Stóru-Vogaskóla enda hluti af starfsmannahópnum.

Nemendur í einkanámi á grunnskólaaldri eiga í sumum tilvikum kost á að sækja nám í tónlistarskólanum á kennslutíma grunnskólans. Þá fær nemandi að fara úr kennslustund í tónlistartíma. Það er háð leyfi foreldra/forráðamanna og skólastjóra/kennara í grunnskólanum.

Á samverum, árshátíðum, jólaskemmtunum og öðrum uppkomum grunnskólans taka nemendur tónlistarskólans virkan þátt með hljóðfæraleik/söng.

## Samstarf við foreldra

Samvinna við foreldra er mjög mikilvæg. Í september og janúar er foreldravika, foreldrar/forráðamenn eru þá boðnir sérstaklega velkomnir að sitja kennslustund með barni sínu, kynna sér hvernig náminu miðar og hvað er framundan. Það skal þó tekið fram að foreldrar/forráðamenn eru velkomnir í kennslustund og eru hvattir til að hafa samband við kennara hvenær sem þurfa þykir. Hægt er að nálgast netföng tónlistarkennara á heimasíðu Stóru-Vogaskóla.

## Tónleikar

Tónleikar eru haldnir reglulega yfir skólaárið, áhersla er lögð á að nemendur komi fram á tónleikum/tónfundum á vegum tónlistarskólans eigi sjaldnar en tvisvar á vetri. Þátttaka nemenda í tónleikum er hluti af námsmati þeirra.

Þátttaka nemenda í tónleikahaldi er liður í náminu, er það ákvörðun kennara í samráði við nemanda. Litið er á tónleikasókn sem hluta af náminu. Mælt er með að nemendur spili sem oftast fyrir áheyrendur, t.d. í fjölskylduboðum. Er það mikilvægur liður í tónlistarnáminu.

## Kennslugreinar

Kennsluárið 2024-2025 er kennt á: píanó, hljómborð, gítar, rafgítar, rafbassi, ukulele, ásláttarhljóðfæri og trommur. Allar kennslugreinar sem í boði eru miðast þó við eftirspurn nemenda og framboð af kennurum ár hvert.

### Píanónám

Píanónám er ætlað nemendum 6 ára og eldri. Í hefðbundnu píanónámi er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám og fjölbreyttar kennsluáferðir. Nemendur í 3.-10. bekk hafa forgang.

### Rytmískt nám

Rytmískt nám er ætlað nemendum 9 ára og eldri. Í rytmísku námi er spuni og samspil þungamiðja námsins og taka rytmískir nemendur þátt í því frá upphafi.

## Skólareglur

1. Nemendum og kennurum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir. Tilkynna ber forföll á skrifstofu skólans í síma 440-6250.
2. Almenn háttvísi er áskilin.
3. Nemandi skal koma vel undirbúinn í tíma.
4. Kennara er ekki skylt að bæta upp þær kennslustundir er kunna að falla niður vegna veikinda hans eða nemanda. Veikist kennari til langs tíma reynir skólinn að útvega forfallakennara.
5. Nemendur og kennarar skulu ganga vel og snyrtilega um skólann og eigur hans.



6. Góð umgengni og góð meðferð hljóðfæra er áskilin. Nemendum er bannað að lána hljóðfæri sem þeir eru með á leigu. Viðhald hljóðfæris á lánstímanum og skemmdir af völdum slæmrar meðferðar eru á kostnað nemenda.
7. Mæti nemandi ekki í kennslustund án forfallatilkynningar skal kennari hafa samband við foreldra/forráðamenn.
8. Snyrtilegur klæðnaður og þrúðmennska nemenda og kennara skal ávallt viðhöfð á tónleikum skólans.

## Hagnýtar upplýsingar

Lögbundin frí við skólann eru eftirfarandi: jóla- og páskaleyfi samkvæmt skóladagatali, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur og annar í hvítasunnu.

## Starfstími/skólaárið

Starfstíma tónlistarskólans má sjá á skóladagatali tónlistarskólans á heimasíðu Stóru-Vogaskóla.

## Rekstur/skólaráð

Tónlistarskóli Sveitarfélagsins Voga er rekinn af Sveitarfélaginu Vogum og er starfsemi hans fjármögnuð af bæjarsjóði og með námsgjöldum. Við Stóru-Vogaskóla starfar skólaráð sem tekur reglulega fyrir málefni tónlistarskólans.

### Tónlistarskóli Sveitarfélagsins Voga

Tjarnargata 2, 190 Vogar

Sími: 440 6250

Netfang: [skoli@vogar.is](mailto:skoli@vogar.is)

Skólastjóri: Hilmar Egill Sveinbjörnsson